

Íslenska 2. bekkur

Kennarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir

2

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

Áhersla á námsþætti íslenskunnar: lestur og lesskilningur, bókmenntir, ritun, mál og málnotkun, skrift, talað mál, hlustun og áhorf. Kennt samkvæmt aðferðum „Vörður og vegvísir“ þar sem kennslan fer fram í hringekju. Í upphafi hverrar viku er ítarlegur innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er á fjölbreyttan hátt að markmiðum vikunnar. Leitast er eftir að vinna eftir fjölbreyttum kennsluaðferðum s.s. bein kennsla/innlögn, námsleikir, hópavinna, leikræn tjáning, umræður, heimildavinna, verklegar æfingar, útikennsla o.fl.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn: Áhersla á námsþætti íslenskunnar: lestur og lesskilningur, bókmenntir, ritun, mál og málnotkun, skrift, talað mál, hlustun og áhorf. Fjölbreytt vinna í hringekju sem byggir á textum, m.a. úr ýmsum ævintýrum og ljóðum. Áhersla á upprifjun á bókstöfum og hljóðum samhliða lestri, skrift og ritun. Í lestri er lögð áhersla á PALS sem unnið er í lotum.

Vorönn: Áhersla á námsþætti íslenskunnar: lestur og lesskilningur, bókmenntir, ritun, mál og málnotkun, skrift, talað mál, hlustun og áhorf. Fjölbreytt vinna í hringekju sem byggir á textum, m.a. úr ýmsum ævintýrum og ljóðum. Áhersla á ritun og sögugerð ásamt áframhaldandi vinnu með PALS í lotum. Í lok annar vinna nemendur lokaverkefni þar sem þeir semja sitt eigið ævintýri, skrifa og myndskreyta. Þá er áhersla á að nemendur nýti alla þá þætti sem áhersla hefur verið lögð á yfir veturinn s.s. sögufjall, persónulýsingu o.fl.

Námsaðlögun

Námið er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Brottfararspjöld eru nýtt til að kanna stöðu nemenda.

Reglulega yfir skólaárið eru valin vel unnin verkefni sem safnað er í sýnismöppu.

Í talað og hlustað er jafningjamat í lok hvers tíma (þrjár stjórnur og ein ósk).

Þrisvar á skólaárinu er lagt fyrir lesfimiþróf MMS.

Námsgögn

Lestarbækur af leslista skólans sem og bækur af bókasafni

Verkefni og amboð af vef 123skoli.is, fjölbreyttkennsla.is, utfyrirbokina.is o.fl.

Litla Lesrún

Byrjendalæsisverkefni

Skrift 1 og 2

Þekktar þjóðsögur og ævintýri

Ýmsar sögubækur